

Þéttum öryggisnet samfélagsins

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, hefur óskað eftir því við yfirmenn menningar- og menntastofnana og sérsambanda í íþróttum að þeir skilgreini hlutverk sinna stofnana/listgreina/félaga í þeirri uppbyggingu Íslands sem fram undan er. Einnig hefur menntamálaráðherra óskað eftir því að menningar- og menntastofnanir og íþróttasambönd komi með tillögur sem miða sérstaklega að því að aðstoða þá sem eiga við erfiðleika

að stríða vegna efnahagsástandsins, til dæmis atvinnuleysi og áhyggjur. Þannig sé hægt að þetta öryggisnet samfélagsins og til dæmis vinna gegn félagslegri einangrun.

Menntamálaráðherra telur ljóst að þau svið sem menntamálaráðuneytið nær yfir muni leika stórt hlutverk í þeirri uppbyggingu sem er fyrir höndum. Mikilvægt sé að allir taki þátt í þeirri uppbyggingu með þeim ráðum sem þeir búa yfir.



Menntamálaráðherra heimsótti ÍSÍ

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ásamt fylgdarliði heimsótti á dögum [Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands](#). Í fylgdarliði ráðherra voru Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður ráðherra, Gísli Þór Magnússon skrifstofustjóri fjármálasviðs og Óskar Þór Ármannsson sérfræðingur Íþróttamála. Vel var tekið á móti hópnum af Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ og Höllu Kjartansdóttur skrifstofustjóra ÍSÍ. Í heimsókninni var skipulag og starfsemi ÍSÍ kynnt. Farið var yfir helstu stærðir íþróttahreyfingarinnar og heildarskipulag í landinu. Þá var kynnt úthlutun ú ferðasjóði ÍSÍ. Einnig var rætt um stöðu íþróttar og þýðingu þeirra með tilliti til efnahagsástandsins.

PISA könnun á færni 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði og stærðfræði 2009

Ísland er ein þátttökupjóða í umfangsmikilli alþjóðlegri rannsókn sem nefnist [PISA](#) (Programme for International Student Assessment) og fer fram á Íslandi um þessar mundir. Könnuð er færni 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði og stærðfræði. Sá aldur er valinn vegna þess að í flestum löndum markar hann lok skyldunáms. Rannsóknin er á vegum [OECD](#) (Efnahags- og framfarastofnunarinnar).

Alls taka nú 68 þjóðir þátt í rannsókninni, þar af öll 30 aðildarríki OECD. Markmiðið er að afla upplýsinga sem nýtast stjórnvöldum, fræðimönnum og skólastjórnendum til að meta núverandi stöðu grunntenntunar og móta menntakerfi framtíðarinnar. Með endurteknum könnunum fæst ekki aðeins samanburður milli landa heldur einnig mikilvægar upplýsingar um þróun menntamála hér á landi miðað við önnur

lönd. Rannsóknin var fyrst framkvæmd árið 2000, endurtekin 2003 og 2006 og núna í mars n.k. fer fram þróun í fjórða skiptið. Námsmatsstofnun sér um framkvæmd PISA á Íslandi í umboði menntamálaráðuneytis. Prófað verður einn dag í hverjum skóla á tímabilinu 16. mars - 3. apríl næstkomandi.

Menntamálaráðuneyti í 3. sæti í Lífshlaupinu

Úrslit í Lífshlaupinu liggja nú fyrir. Menntamálaráðuneyti hreyfði sig í 691,3 mínútur og náði 3. sæti í sínum flokki hvað varðar fjölda mínútna. Lokahátíð og verðlaunaafhending verður haldin á morgun föstudaginn 27. febrúar kl: 12:15-13:00 í hátíðarsal KSÍ, 4.hæð á Laugardalsvelli í Laugardal. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í öllum flokkum bæði fyrir fjölda daga og fjölda mínútna.

Við minnum á einstaklingskeppni Lífshlaupsins sem er í gangi allt árið og hægt að skrá inn hreyfingu á [vef Lífshlaupsins](#) allan ársins hring.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefnum [lifshlaupid.is](#)



Samræmd könnunarpróf í grunnskólum haustið 2009

Í [lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#) er kveðið á um að samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skuli lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Jafnframt er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2009 verða sem hér segir:

10. bekkur

Íslenska - mánudagur 14. september kl. 9.00-12.00

Enska - þriðjudagur 15. september kl. 9.00-12.00

Stærðfræði - miðvikudagur 16. september kl. 9.00-12.00

4. og 7. bekkur

Íslenska - fimmtudagur 17. september kl. 9.00-12.00

Stærðfræði - föstudagur 18. september kl. 9.00-12.00

Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa er væntanleg innan tíðar og verður aðgengileg á [vef ráðuneytisins](#).

